

# Tryggingaskilmálar

Fyrir viðskiptavini sem gerðust áskrifendur eða skiptu yfir í Premium- eða Metal-áskrift fyrir 25. janúar 2022:

Þú finnur skilmála fyrir ferðatryggingar Premium-notenda [hér](#).

Þú finnur upplýsingar um ferðatryggingar fyrir Premium-notendur [hér](#).

Þú finnur skilmála fyrir ferðatryggingar Metal-notenda [hér](#).

Þú finnur upplýsingar um ferðatryggingar fyrir Metal-notendur [hér](#).

**Fyrir viðskiptavini sem gerðust áskrifendur að eða skiptu yfir í Premium- eða Metal-áskrift þann 25. janúar 2022 eða síðar. Þetta gildir einnig fyrir viðskiptavini sem hafa fengið tilkynningu um að þeir muni falla undir nýju ferðatryggingarnar okkar frá 1. apríl 2022:**

Þú finnur skilmála fyrir ferðatryggingar Premium-notenda [hér](#).

Þú finnur upplýsingar um ferðatryggingar fyrir Premium-notendur [hér](#).

Þú finnur skilmála fyrir ferðatryggingar Metal-notenda [hér](#).

Þú finnur upplýsingar um ferðatryggingar fyrir Metal-notendur [hér](#).

Þessir tryggingaskilmálar gilda frá 25. janúar 2022. Vinsamlegast smelltu [hér](#) til að sjá fyrri tryggingaskilmála sem gilda til 25. janúar 2022.

## Tryggingakaupin mín hjá Revolut

1. Hvers vegna þessi eru hugtök mikilvæg

Í þessum skilmálum kemur fram hlutverk og ábyrgð Revolut þegar þú kaupir tryggingar í gegnum Revolut-appið sem venjulegur notandi.

Í þeim felst lagalegur samningur þinn við okkur í tengslum við þessa þjónustu. Þeir segja þér:

- hvernig Revolut er ábyrgt fyrir því að gera þér kleift að kaupa tryggingar í gegnum Revolut-appið; og
- hvernig valdir tryggingasamstarfsaðilar Revolut eru ábyrgir fyrir hinni eiginlegu tryggingu sem þú velur og til að hjálpa þér með allar tryggingakröfur sem þú gerir.

## 2. Um okkur

Í þessum skilmálum þýðir „við“ og „okkur“ Revolut Payments UAB.

Þegar þú kaupir tryggingar í gegnum Revolut-appið berum við ábyrgð á því að kynna þig fyrir tryggingasamstarfsaðilum okkar og fyrir innheimtu á upphæðinni sem þú greiðir fyrir tryggingarnar þínar, eins og lýst er í þessum skilmálum.

Revolut Payments UAB hefur leyfi frá og er undir eftirliti af Bank of Lithuania, bæði sem rafeyrisstofnun og sem tryggingamiðlun. Skrásett fyrirtækisnúmer Revolut Payments UAB er 304940980 og eru skráðar höfuðstöðvar þess á Konstitucijos ave. 21B, 08130, Vilnius, Litháen. Upplýsingar um heimild Revolut Payment UAB sem tryggingamiðlun má finna á vefsíðu Bank of Lithuania á þessum [tengli](#).

## 3. Kaup á tryggingum í gegnum Revolut-appið

Þegar þú kaupir tryggingar í gegnum Revolut-appið munum við:

- kynna þig fyrir tryggingasamstarfsaðilum okkar í tengslum við viðkomandi tryggingu;
- veita þér aðgang að „Upplýsingaskjali um tryggingar“ (útbúið af hlutaðeigandi tryggingaraðila, þar sem fram koma upplýsingar um trygginguna þína) og aðrar gagnlegar upplýsingar, þar með talið án takmörkunar, réttindi og skyldur aðila áður en þú kaupir trygginguna þína;
- vísa þér veginn til að finna trygginguna þína þegar þú notar Revolut-appið (háð framboði) svo þú getir tekið ákvörðun um kaup;
- veita upplýsingar um kostnað við tryggingar sem tryggingasamstarfsaðilar okkar veita;
- fá frá þér samantekt á kostnaði við trygginguna þína og greiða síðan tryggingasamstarfsaðila okkar fyrir tryggingarvernd þína;
- gefa út tryggingarskírteini fyrir hönd viðkomandi tryggjanda; og

- veita þér áframhaldandi aðgang að skjölum fyrir trygginguna þína (þ.m.t. tryggingarskírteini milli þín og tryggingasamstarfsaðila okkar) í gegnum Revolut-appið þegar þú hefur keypt hana.

Með því að leggja fram upplýsingar sem krafist er vegna tryggingarsamnings í gegnum Revolut-appið staðfestir þú ásetninginn um að gera slíkan tryggingarsamning í gegnum Revolut Payments UAB.

Þegar þú hefur keypt trygginguna verður tryggjandinn ábyrgur með beinum hætti gagnvart þér fyrir:

- meðhöndlun á öllum kröfum sem þú gerir; og
- greiðslu til þín eftir að krafa var samþykkt. Við berum enga ábyrgð á nýtingu tryggingar sem keypt er í gegnum okkur og við berum ekki ábyrgð ef tryggingasamstarfsaðili okkar bregst eða vanefnir skuldbindingar sínar samkvæmt tryggingarsamningi við þig, þ.m.t. ef tryggjandinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. slíkum tryggingarsamning.

Við berum enga ábyrgð á nýtingu tryggingar sem keypt er í gegnum okkur og við berum ekki ábyrgð ef tryggingasamstarfsaðili okkar bregst eða vanefnir skuldbindingar sínar samkvæmt tryggingarsamningi við þig, þ.m.t. ef tryggjandinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. slíkum tryggingarsamning.

#### 4. Hvernig við innheimtum greiðslu þína

Þegar þú borgar fyrir tryggingar munum við taka greiðslu af Revolut-reikningnum þínum eins og útskýrt er í appinu. Við sjáum um greiðsluna sem tryggingamiðlari fyrir tryggingasamstarfsaðila okkar, sem þýðir að í raun eru tryggingarnar þínar greiddar tafarlaust þegar við tökum greiðsluna af reikningnum þínum. Með svipuðum hætti, ef þú átt rétt á endurgreiðslu á einhverjum tímapunkti, þá færð þú þessa peninga þegar við greiðum til þín.

Þegar þú gefur fyrirmæli um greiðsluna af Revolut-reikningnum þínum hjá okkur muntu greiða til Revolut Payments UAB úr rafeyrinum á reikningnum þínum eins og lýst er í skilmálum reikningsins þíns.

Við semjum við tryggingasamstarfsaðila okkar um að þeir deili hluta af greiðslu fyrir trygginguna þína með okkur sem þóknun fyrir þjónustu okkar við að koma þeim saman við áhugasama viðskiptavini. Þetta þýðir að við störfum á grundvelli umboðs frá tryggingasamstarfsaðilum okkar en ekki þér en við tökum þó alltaf tillit til hagsmuna tryggingartaka. Við setjum upp trygginguna með tryggjandanum fyrir þína hönd. Þú greiðir okkur ekki gjald fyrir að gera það. Við fáum greidda þóknun frá tryggjanda sem í formi hlutfalls af heildarárgjaldi. Ef sú tegund tryggingar sem við seljum nær tilteknum hagnaðarmarkmiðum greiðir tryggjandinn okkur einnig hluta af þeim hagnaði. Þú getur spurt okkur í gegnum stuðning í appinu ef þú vilt upplýsingar um upphæð þóknunar sem við fáum vegna tryggingar sem þú kaupir.

## 5. Tryggingasamstarfsaðilar

Tryggingasamstarfsaðilar okkar um þessar mundir eru:

- White Horse Insurance Ireland dac, heimilisfang: Rineanna House, Free Zone First Floor, Shannon, Co Clare, V14 CA36, Írlandi;
- AWP P&C SA – hollenskt útibú, kemur fram sem Allianz Assistance og/eða Allianz Travel; og simplesurance GmbH, heimilisfang: Poeldijkstraat 4, 1059 VM, Amsterdam (tryggjandi er Allianz Global Assistance, AWP P&C SA - hollenskt útibú);
- Qover SA, tryggingasamstarfsaðili okkar er undir eftirliti frá Fjármálaeftirlitinu og hefur skráningarnúmerið 0650.939.878. Skráð heimilisfang er Rue du Commerce 31, 1000 Brussel - Belgía.

Þessi listi kann að vera uppfærður af og til.

Við höfum engan hlut í tryggingasamstarfsaðilum okkar, beint eða óbeint, sem veitir atkvæðisrétt. Tryggingasamstarfsaðilar okkar og móðurfélög þeirra eiga ekki hlut í okkur, beint eða óbeint, sem veitir atkvæðisrétt. Tryggingasamstarfsaðilar okkar eru ekki hluti af Revolut-fyrirtækjasamsteypunni. Að auki ber okkur ekki samningsbundin skylda til að stunda eingöngu tryggingarmiðlun fyrir ofangreinda tryggingasamstarfsaðila. Við veljum þá einfaldlega vegna þess að þeir bjóða upp á tryggingar sem við teljum gagnlegar fyrir viðskiptavini okkar. Á grundvelli sanngjarnrar og persónulegrar greiningar ráðleggjum við þér ekki um það hvort tiltekin trygging henti þínum þörfum og aðstæðum, en við veitum þér þó upplýsingar um þessar tryggingarvörur sem ættu að hjálpa þér að taka þessa ákvörðun. Starfsfólk okkar fær heldur ekki neina söluhvata vegna tryggingasölu.

## 6. Hvað ef eitthvað fer úrskeiðis?

### Hvernig á að gera kröfu samkvæmt tryggingunni þinni

Til að gera kröfu samkvæmt tryggingunni þinni þarftu að hafa beint samband við tryggingasamstarfsaðila okkar. Þú finnur upplýsingar um hvernig þetta er gert í tryggingahlutanum í Revolut-appinu. Allar upplýsingar er einnig að finna í tryggingarskírteininu þínu, sem er aðgengilegt í Revolut-appinu að kaupum loknum.

### Kvartanir vegna tryggingarinnar þinnar

Ef þú vilt leggja fram kvörtun í tengslum við tryggingu sem þú keyptir eða í tengslum við hvers kyns kröfu sem þú gerir um greiðslu samkvæmt tryggingunni þinni þarftu að hafa beint samband við tryggingasamstarfsaðila okkar. Allar upplýsingar um hvernig á að gera það er að finna í tryggingarskírteininu sem þeir veita þér.

### Kvartanir vegna þjónustu okkar

Við gerum alltaf okkar besta en við gerum okkur grein fyrir því að stundum fara hlutirnir úrskeiðis. Ef þú (eða einhver annar tengdur aðili) vilt leggja fram kvörtun, skaltu vinsamlegast hafa samband við okkur. Við munum taka á móti og yfirfara allar kvartanir sem þú sendir okkur. Endanlegt svar okkar við kvörtun þinni, eða bréf þar sem útskýrt er hvers vegna endanlegt svar hefur ekki borist, verður sent til þín innan 15 virkra daga frá því að kvörtunin barst, og í undantekningartilvikum, innan 35 virkra daga (og við munum láta þig vita ef slíkt kemur upp).

Ef þú vilt ræða við einhvern um vandamál sem varðar þig skaltu hafa samband við okkur í gegnum Revolut-appið. Vanalega getum við leyst málin fljótt í gegnum appið. Þú þarft líklega að veita okkur neðangreindar upplýsingarnar.

Þú getur sent kvörtun með [eyðublaði](#) á netinu eða með tölvupósti á [formalcomplaints@revolut.com](mailto:formalcomplaints@revolut.com).

Hvernig sem þú leggur fram kvörtun þarftu að veita eftirfarandi upplýsingar:

- nafnið þitt og eftirnafn;
- símanúmerið og netfangið sem er skráð á Revolut-reikningnum þínum;
- hvert vandamálið er;
- hvenær vandamálið kom upp; og
- hvernig þú myndir vilja að við leysum úr málinu.

Kvörtunin þín verður tekin til skoðunar og þú færð svar með tölvupósti. Samskipti okkar við þig munu fara fram á ensku nema annað komi fram.

Það eru engir aðrir tryggingarsjóðir eða önnur bótakerfi fyrir neytendur til staðar sem vernda hagsmuni þína aðrir en þeir sem koma fram í þessum samningi.

### **Úrlausn kvörtunarmála hjá Bank og Lithuania**

Ef þú ert óánægð(ur) með viðbrögð okkar við kvörtun þinni getur þú vísað henni til Bank og Lithuania innan 1 (eins) árs frá þeim degi sem við sendum (eða áttum að senda) lokasvör okkar til þín. Í slíku tilfalli myndi Bank of Lithuania starfa sem úrskurðaraðili til lausnar ágreiningsmála utan dómstóla sem tekur á deilum milli neytenda og fjármálaþjónustuaðila.

Heimilisfang þeirra er: Žalgirio str. 90, 09303, Vilnius, Litháen.

Þú getur fundið frekari upplýsingar á [vefsíðunni](#) þeirra.

Vinsamlegast hafðu í huga að ef þú vilt eiga möguleika á að leita til Bank of Lithuania varðandi lausn ágreiningsmála utan dómstóla skaltu senda kvörtun til okkar innan 3 (þriggja) mánaða frá þeim degi sem þú komst að því eða hefðir átt að komast að því að meint brot á réttindum þínum eða lögmætum hagsmunum átti sér stað og stafar af samningi við okkur. Burtséð frá ofangreindu átt þú alltaf rétt á að leita til Bank of Lithuania sem er eftirlitsaðili okkar í tengslum við kvartanir vegna þjónustu okkar. Þú átt einnig rétt til að leita til dómstóla ef þú telur okkur hafa brotið gegn lögum. Þú getur jafnframt lagt fram kvörtun til viðeigandi úrskurðaraðila á sviði neytendamála vegna fjármálafyrirtækja í þínu landi varðandi fjármálaþjónustu sem við veitum. Listann yfir slíka aðila má finna [hér](#).

### **Hvernig á að gera kröfu samkvæmt tryggingunni þinni**

Til að gera kröfu samkvæmt tryggingunni þinni þarftu að hafa beint samband við tryggingasamstarfsaðila okkar. Þú finnur upplýsingar um hvernig þetta er gert í tryggingahlutanum í Revolut-appinu. Allar upplýsingar er einnig að finna í tryggingarskírteininu sem þú færð.

## **7. Við getum breytt þessum skilmálum**

Við getum breytt þessum skilmálum:

- ef við teljum að það muni auðvelda skilning á þeim eða gera þá gagnlegri fyrir þig;

- til að endurspeglar breytingar á rekstri fyrirtækisins eða rekstri tryggingasamstarfsaðila okkar, sérstaklega ef þörf er á því vegna breytinga á veitingu fjármálakerfa eða tækni;
- til að endurspeglar kröfur laga eða reglugerða sem gilda um okkur eða tryggingasamstarfsaðila okkar;
- til að endurspeglar breytingar á kostnaði við rekstur fyrirtækisins; eða
- vegna þess að við, eða tryggingasamstarfsaðilar okkar, gerum breytingar á vörum okkar eða þjónustu eða kynnum nýjar slíkar.

Við munum gefa þér að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara um allar breytingar, í gegnum Revolut-appið, með SMS eða tölvupósti.

## 8. Lagaleg atriði

### Upplýsingarnar þínar

Upplýsingar sem þú veitir þegar þú kaupir tryggingu eru nauðsynlegar í því skyni að selja þér tryggingar, þar á meðal til að reikna tryggingariðgjald og til að gera tryggingasamning. Upplýsingarnar sem þú veitir verða að vera réttar, nákvæmar og fullnægjandi. Með því að veita okkur upplýsingar, staðfestir þú að persónuupplýsingarnar sem veittar eru eigi við um þig eða þú hafir á annan hátt rétt til að veita slíkar upplýsingar, og að upplýsingarnar, þar á meðal persónuupplýsingar, séu nákvæmar og réttar. Úrvinnsla á gögnunum sem þú veitir okkur í tryggingarskyni verður fyrst og fremst í tengslum við starfsemi okkar sem váttryggingamiðlun.

Við munum ekki staðfesta nákvæmni upplýsinganna sem þú hefur veitt. Réttleiki og nákvæmni þessara upplýsinga er á þína ábyrgð.

Rangar upplýsingar sem okkur eru veittar geta komið í veg fyrir að tryggingasamstarfsaðilar okkar geri tryggingarsamning við þig. Ef rangar upplýsingar eru veittar geta váttryggjendur lagt hærra iðgjald og, ef atburður sem fellur undir trygginguna á sér stað, kann að vera að þeir greiði ekki tryggingabætur eða skerða þær. Ónákvæm gögn geta ógilt tryggingarsamninginn sem gerður var við þig. Þú berð fulla ábyrgð á slíkum afleiðingum á grundvelli rangra upplýsinga sem okkur eru veittar. Ef við eða þriðju aðilar verða fyrir tjóni vegna rangra upplýsinga frá þér, svo og rangra eða ónákvæmra persónuupplýsinga, verður þú bótaskyld(ur) gagnvart okkur eða slíkum þriðju aðilum.

### Leyfi fyrir okkur til úrvinnslu á persónuupplýsingum þínum

Til að veita þjónustu samkvæmt samningnum þurfum við að safna upplýsingum um þig. Samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga erum við það sem

kallast „ábyrgðaraðili“ persónuupplýsinga þinna. Frekari upplýsingar um hvernig við notum persónuupplýsingarnar þínar má sjá í [persónuverndarstefnunni](#) okkar.

### **Samningur okkar við þig**

Þessir skilmálar, ásamt [persónuverndarstefnunnar](#) og annarra skilmála og skilyrða sem gilda um þjónustu okkar, mynda lagalegan samning (samninginn) milli:

- þín; og
- okkar, Revolut Payments UAB (fyrirtæki sem er stofnað í Lýðveldinu Litháen með fyrirtækisnúmerið 304940980 og er með skrifstofu og höfuðstöðvar í Konstitucijos ave. 21B, 08130 Vilnius, Litháen).

Aðeins við (Revolut Payments UAB) og þú njóta réttinda samkvæmt þessum samningi. Þessi samningur er við þig persónulega og þú getur ekki framselt réttindi þín eða skyldur samkvæmt honum til neins annars.

Við getum framselt réttindi okkar og skyldur en aðeins ef við lítum svo á að það muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á þinn rétt sem stafar af þessum skilmálum eða ef við þurfum að gera það til að uppfylla kröfur í lögum eða reglugerðum. Þú munt geta lokað rafeyrisreikningnum þínum hjá okkur þegar tilkynning berst um flutninginn.

### **Litháísk lög gilda**

Þú og við staðfestum hér með það val okkar að lög Litháens gilda um þessa skilmála og skilyrði, sem eiga við um sambandið milli þín og okkar sem tryggingamiðlunar, nema annað sé sérstaklega tilgreint í skilmálum og skilyrðum tryggingarinnar. Þrátt fyrir þetta val getur þú engu að síður treyst á neytendaverndarreglur EES ríkisins sem þú býrð í.

### **Enska útgáfa þessara skilmála gildir**

Ef þessir skilmálar eru þýddir yfir á annað tungumál verður þýðingin aðeins til viðmiðunar og enska útgáfan gildir. Samskipti milli okkar og þín skulu einnig vera á ensku nema við tökum annað fram.